

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 152/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Sigurjóni Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. maí sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1995.

Ár 1995, föstudaginn 28. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Sigurjóni Péturssyni, kt. 110464-4289, Blöndubakka 13, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudags 5. maí 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

— — —

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir verða að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett. Skal kærði sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudags 5. maí nk. kl. 16.00.

Sigurjóna Símonardóttir kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudags 5. maí nk. kl. 16.00.
